

Bættur námsárangur á Austurlandi

Tilkynning til foreldra nemenda í 9. bekk

Í haust hefja leik- og grunnskólar á Austurlandi átak til að efla lestur og stærðfræðipækkingu barna í fjórðungnum. Verkefnið hefur hlotið nafnið Bættur námsárangur á Austurlandi. Verkefnið er hugsað sem fimm ára ferli til að bæta námsárangur nemenda á Austurlandi. Áherslan er til að byrja með á læsi og reikniaðgerðirnar fjórar.

Skimun eftir lestrarerfiðleikum hjá nemendum í 9. bekk verður gerð í skólanum í september. Kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands munu sjá um að leggja skimun með ákveðnum hlutum prófins Logos¹ fyrir nemendum. Athugaður verður leshraði og lesskilningur, lestur með hljóðaðferð og lestur út frá rithætti auk stafsetningar hjá nemendum. Niðurstöður skimunar sýna stöðu nemenda í hundraðsröð miðað við jafnaldra í þeim þáttum sem prófaðir eru. Niðurstöðum skimunar verður skilað til umsjónarkennara, sérkennara og skólastjóra á sérstökum fundi og í framhaldi af þeim fundi fá foreldrar upplýsingar sendar um stöðu barna sinna í lestri og stafsetningu.

Gert er ráð fyrir góðu samstarfi við foreldra vegna heimalesturs nemenda í framhaldi af skimun.

Með bestu kveðjum,

Björg Þorvaldsdóttir kennsluráðgjafi

Jarprúður Ólafsdóttir kennsluráðgjafi

Skólaskrifstofu Austurlands

¹ Logos er rafrænt lestrarpróf sem lagt er fyrir nemendum til að meta hvort þeir eiga við lestrarerfiðleika að etja. Það er í 14 hlutum en við skimun verða einungis lagðir fyrir nokkrir þættir eins og áður segir. Ef nemendum sýna slakan leshraða og lesskilning við skimun er mikilvægt að kanna nánar undirstöðuþætti lestrar með því að leggja fyrir allt Logosprófið.